

þykkja ákvæði téðs dóms um ómerkingu meiðyrða og málskostnað, ber að staðfesta dómian í öllum greinum. Þar eð áfrýjandi eigi mætti fyrir sátta-nefndinni, þó löglega væri stefndur, og án þess forföll væru sönnuð, verður hann og að greiða sekt til landssjóðs samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, 1. gr., er ákveðst 4 kr., og eftir úrslitum málsins verður hann einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega ákveðinn 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Jón Sigurðsson greiði ennfremur sekt til landssjóðs 4 kr. og málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 9/1903: Hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps  
 gegn  
 Fr. og M. Kristjánssonum.

D ó m u r:

Haustið 1901 lagði áfrýjandi, hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, sveitarútsvar, að upphæð 65 kr., á hina stefndu, Fr. og M. Kristjánssyni, sem eru búsettir á Akureyri, með því að þeir höfðu látið stunda síldveiði þá um haustið fyrir landi

Glæsibæjarhrepps frá tveim verbúðum, er þeir eiga á Þórsnesi í landi jarðarinnar Ytra-Krossaness í nefndum hreppi. En er hinir stefndu neitundu að greiða útsvar þetta, beiddist hreppsnefndin lögtaks á útsvarinu, en því var neitað með úrskurði, kveðnum upp í fúgetarétti Akureyrarkaupstaðar 27. október 1902. Þessum úrskurði hefir hreppsnefndin áfrýjað til landsyfírréttarins með stefnu dags. 27. janúar þ. á., og hefir hún fengið gjafsókn með skipuðum talsmanni.

Eins og áður sagt, létu hinir stefnu stunda síldveiði á bátum frá 2 verbúðum sínum á Þórsnesi í Glæsibæjarhreppi, og á þessa veiði þeirra hefir hreppsnefndin lagt áður umgetið útsvar. Telur hún það hafa verið heimilt samkvæmt lögum 9. ágúst 1889, því hér sé um arðsama stofnun að ræða, er hafi verið rekin nógu langan tíma til þess, að hinir stefndu væru útsvarsskyldir samkvæmt nýnefndum lögum, enda sé vafasamt, að lög 19. júní 1888 snerti síldveiði. Hefir áfrýjandi krafist hér fyrir réttinum, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt þannig, að ákveðið verði, að stefndu beri að greiða hið umrædda útsvar að upphæð 65 kr. ásamt öllum kostnaði málsins í héraði og einnig fyrir yfirdómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal hæfileg málssóknarlaun til hins skipaða talsmanns hennar. Hins vegar er af hendi hinna stefndu krafist, að þeir verði sýknaðir af kröfum og kærnum áfrýjanda í þessu máli og fúgetaúrskurðurinn

staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur í málskostnað fyrir undir- og yfirrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Lög 19. júní 1888 um bátfiski á fjörðum á kveda í 2. gr., að eigi skuli leggja aukaútsvar á útvegsmenn — sem stunda bátfiski — úr öðrum sveitarfélögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfélagi sjálfra þeirra. Hinir stefndu eru búsettir á Akureyri, sem liggur við Eyjafjörð, eins og Glæsibæjarhreppur, og hefir aukaútsvar verið lagt á þá á Akureyri nefnt ár. Eftir nýnefndum lögum 19. júní 1888 var því eigi heimild til að leggja aukaútsvar á þá í Glæsibæjarhreppi. Útsvarsálagan verður eigi heldur studd við lög 9. ágúst 1889, með því að það ekki er sannað, að veiðin hafi verið rekin í 4 mánuði í Glæsibæjarhreppi, en hinir stefndu hafa haldið því fram, að hún að eins hafi verið rekin þar  $3\frac{1}{2}$  mánuð af árinu. — Samkvæmt framansögðu hefir hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps brostið heimild til að leggja aukaútsvar á hina stefndu haustið 1901, og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda fógetaréttarúrskurð. Málskostnaður allur virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og verða hinum skipaða talsmanni áfrýjanda eftir úrslitum málsins ekki dæmd nein málflytningslaun. Það vottast, að rekstur málsins sem gjafsóknarmáls hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Málkostnaður falli niður.

Nr. 16/1903:

Réttvísln

gegn

Guðjóni Böðvarssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Rangárvallasýslu uppkveðnum 29. ágúst f. á. var hinn ákærði, Guðjón Böðvarsson, vinnupiltur á Unhól, dæmdur fyrir einfaldan þjófnað til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan sakarkostnaðinn í héraði, þar á meðal 12 kr. í málsvarkaup, en dómi þessum hefir verið skotið til yfir dómsins að ráðstöfun valdstjórnarinnar.

Hinn ákærði, sem er fæddur 28. desbr 1883 og hefir eigi áður sætt dómi eða refsingu fyrir nokkurt afbrot, gaf þá játningu fyrir lögreglurétti Rangárvallasýslu 26. nóvember 1901, að hann hefði síðast í septembermánuði næst á undan stolið 3 krónum (tveggja-krónu-pening og ein-krónu-pening) úr ólæstri kómmóðu í bæjardyrnum á Unhóli, en peningana átti húsbóndi hans. Lét hann peningana í vestisvasa sinn, en af því að gat var á vasanum, týndi hann þeim.

Í sama réttarhaldi jataði ákærði ennfremur, að hann hefði þá um sumarið um sláttinn tekið 3 hrossskinnslengjur úr eldhúsinu á Unhóli, er hús-